



Landvernd, Náttúrugrið, Náttúruverndarsamtök Íslands

Niðurstaða EFTA dómstóls hefur áhrif á Hvammsvirkjunarfrumvarp

Reykjavík 6. mars 2025

EFTA-dómstóllinn hefur með ráðgefandi álitum sem kveðið var upp í gær, miðvikudaginn 5. mars, hafnað túlkun norska ríkisins á hugtakinu „brýnir almannahagsmunir“ í skilningi vatnatilskipunar Evrópuþingsins. Til að raska eða umturna með afdrifaríkum afleiðingum vatnsauðlindinni og umgjörð vatns þarf sérstaka undanþágu frá vatnatilskipuninni og réttlæta þarf hana með vísun til „brýnna almannahagsmuna“. Vatnatilskipunin hefur verið innleidd í lög bæði í Noregi og á Íslandi með lögum um stjórn vatnamála. Þessi niðurstaða dómstólsins hefur áhrif á öllu EES svæðinu og þar með á Íslandi.

Niðurstaða dómstólsins er að „hreinar efnahagslegar ástæður, svo sem efling þjóðarbús“, teldust ekki réttlætningar í skilningi tilskipunarinnar sem brýnir almannahagsmunir. Jafnframt segir í álitum dómsins „að fjármagnstekjur, laun eða hagnaður af skattheimtu teldist ekki til brýnna almannahagsmuna.“

Bendir dómstóllinn um leið á að meta „þarf í hverju tilviki fyrir sig hvaða þættir skipta máli þegar ákvarða þarf hvort brýnir almannahagsmunir séu til staðar.“

Tilfni álitis EFTA-dómstólsins er mál sem rekið er fyrir áfrýjunardómstóli í Noregi. Í því halda náttúruverndarsamtökin Naturvernforbundet og Natur og Ungdom því fram að leyfi, sem norsk stjórnvöld veittu til námuvinnslu og förgunar námuúrgangs í Førdefjord, sé ólöglegt þar sem það standist ekki kröfur vatnatilskipunarinnar. Norska ríkið heldur því hins vegar fram að leyfið sé réttlætandi á grundvelli undantekningarreglunnar um „brýna almannahagsmuna“, með skírskotun til efnahagslegs ávinnings, aukinnar atvinnusköpunar og nauðsynjar þess að tryggður sé aðgangur að mikilvægum jarðefnum. Því hafnar EFTA-dómstóllinn.

„Við teljum að með þessu skýra álitum EFTA-dómstólsins sé grundvöllur frumvarps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hruninn um að virkjanaflokkur rammaáætlunar ráði úrslitum um hvaða virkjanakostir eigi að teljast til brýnna almannahagsmuna. Álit dómstólsins er afgerandi, það verður að leggja mat á hvern virkjanakost fyrir sig,“ segir Snæbjörn Guðmundsson, formaður Náttúrugriða.

Fréttatilkynningu EFTA-dómstólsins á íslensku má finna hér: <https://eftacourt.int/download/13-24-press-release-3/?wpdmdl=10417>.